

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 31/2006

frá 10. mars 2006

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með samningnum um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjaland, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem undirritaður var 14. október 2003 í Lúxemborg ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/50/EB frá 11. ágúst 2005 um endurflokkun gerviliða fyrir mjöðm, hné og öxl innan ramma tilskipunar ráðsins 93/42/EBE um lækningatæki ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 5. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/32/EB) í XXX. kafla II. viðauka við samninginn:

- „6. **32005 L 0050:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/50/EB frá 11. ágúst 2005 um endurflokkun gerviliða fyrir mjöðm, hné og öxl innan ramma tilskipunar ráðsins 93/42/EBE um lækningatæki (Stjtið. ESB L 210, 12.8.2005, bls. 41).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2005/50/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 11. mars 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 3, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 23, 29.4.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 210, 12.8.2005, bls. 41.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. mars 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.